

# Þættir úr sögu Listasafns Sigurjón Ólafssonar

## *Um stofnun safnsins*

Sigurjón Ólafsson andaðist 20. desember 1982 og lét eftir sig mikið safn listaverka í vinnustofu sinni og íbúðarhúsi á Laugarnesi.

Tveimur árum síðar, þann 1. desember 1984, stofnaði Birgitta Spur, ekkja listamannsins, einkasafnið *Listasafn Sigurjóns Ólafssonar* með það í huga að hefja almenna safn- og sýningarstarfsemi. Hún réðst í það viðamikla verkefni að endurbyggja vinnustofuna og bæta við húsakostinn sýningarými, kaffistofu, skrifstofu og því sem safnstarfi tilheyrði. Hennar helstu ráðunautar við stofnun einkasafnsins, og síðar sjálfseignarstofnunarinnar voru Bjarni Bjarnason endurskoðandi og Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður. Einnig naut hún aðstoðar Jóhannesar Guðmundssonar og annarra verkfræðinga Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Ögmundar Skarphéðinssonar arkitekts. Heildarkostnaður við endur- og nýbygginguna nam um 40 milljónum króna á verðlagi þess tíma (1985 – 88).

Á byggingarárunum veittu Ríkissjóður og Reykjavíkurborg safninu árlega styrki og nam sá styrkur um þriðjungi byggingarkostnaðarins. Tveir þriðjungar voru sjálfsaflafé, styrkir og tekjur af höfundarrétti Sigurjóns sem erfingjar gáfu safninu eftir.

Þann 30. nóvember 1989 var einkasafninu breytt í samnefnda sjálfseignarstofnun með stofngjöf Birgittu sem samanstóð af 80 höggmyndum Sigurjóns, íbúðarhúsi hennar á Laugarnesi, endurbyggðu safnhúsinu ásamt nýbyggingum. Einnig fylgdu gjöfinni allir innanstokksmunir safns og kaffistofu, þar með talinn Bösendorfer flygill, verkfæri listamannsins, teikningar, ljósmyndir, bréfasafn, sögulegt efni og annað slíkt. Síðar bættu Birgitta og börn hennar 67 þrívíðum listaverkum við gjöfina. Sjálfseignarstofnuninni var rituð *skipulagsskrá* sem Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið staðfesti á stofnunardegi.

Breytingin fól meðal annars í sér að tólf manna sjálfstætt *fulltrúaráð* var skipað og var meginhlutverk þess að skipa tvo fulltrúa í stjórn safnsins á móti þremur fulltrúum Birgittu. Fulltrúaráðið varð einnig bakhjarl og ráðgjafi stjórnar safnsins.

## *Innra starf*

Safnið var opnað almenningi við hátíðlega athöfn þann 21. október 1988, en þann dag hefði listamaðurinn orðið áttæður. Rúmu ári síðar var einkasafninu breytt í sjálfseignarstofnun, eins og fyrr er lýst, og var rekstur þess þá þegar orðinn fjölbreyttur og metnaðargjarn.

Frá upphafi var mikil áhersla lögð á að skrá listaverk Sigurjóns og öll gögn í fórum safnsins svo sem bréf, ljósmyndir, sýningarskrár og úrklippur úr blöðum. Telst því verki nú lokið utan þess að ætíð berast nýjar upplýsingar til skráningar. Listaverkaskrá Sigurjóns, sem nær til allra listaverka hans, hvort sem þau eru í eigu safnsins eða annarra, var gefin út á prenti árin 1998 og 1999 og tæpum áratug síðar, árið 2007, var uppfærð útgáfa hennar færð á netið og er öllum aðgengileg. Nú hefur dönsku og ensku viðmóti verið bætt við netskrána. Telst þetta fyrsta og eina heildarskrá verka eftir íslenskan listamann sem er með ljósmyndum og öllum aðgengileg á netinu.

### *Sýningar*

Svo telst til að á vordögum 2016 hafi verið haldnar 57 sérstakar sýningar í safninu og hefur safnið átt frumkvæði að öllum nema tveimur. Þar af teljast 4 stórar farandsýningar, sem sýndar voru sem heild í erlendum söfnum og þrettán gestasýningar, þar sem gestalistamaðurinn, eða fulltrúi hans sá um uppsetningu verka sinna. Þá hefur safnið útbúið 6 sýningar eingöngu til sýningar annars staðar.

### *Aðrir menningarviðburðir*

Við endurbyggingu safnsins var ljóst að salur þess hentaði ákaflega vel til ýmiss konar listviðburða eins og tónleika og upplestra, enda hófst starf safnsins með þrennum tónleikum og voru þeir tíðir fyrsta árið. Vegna mikils undirbúnings fyrir sérhverja tónleika komst fljótlega sú skikkan á að halda ákveðna tónleikaröð í stað einstakra tónleika. Valdist til þess sá tími sem minnst var um að vera í Reykjavík - sumarið. Frá og með sumrinu 1989 hefur listasafnið staðið fyrir árlegum *Sumartónleikum*, eða *Þriðjudags-tónleikum* því þeir eru haldnir sérhvert þriðjudagkvöld og undanfarin ár hafa þeir byrjað um miðjan júlí og staðið út ágúst. Framan af stóð safnið einnig fyrir tónskáldakynningum í samvinnu við Íslenska tónverkamiðstöð.

Fyrstu árin hélt safnið einnig bókmenntakynningar og voru þær vinsælar og vel sóttar. Síðar fóru bókaforlögin að vera sjálf með bókmenntakynningar fyrir jólin og féllu þær þá niður í safninu.

Safnið leigir salinn til menningarviðburða og einnig annarra viðburða ef tök eru á.

### *Útgáfa*

Safnið hefur stuðlað að rannsóknum á list Sigurjóns og tengslum hans við aðra listamenn, strauma og stefnur, bæði með að leggja til allt rannsóknarefni sem nú er skráð og aðgengilegt í safninu og einnig með að greiða beint fyrir rannsóknir og skrif fræðimanna. Skrif þessi hafa verið birt í árbókum safnsins, sýningarskrám og öðrum ritum. Að jafnaði má segja að safnið hafi gefið út eitt rit, eða annað slíkt á hverju starfsári þess.

### *Önnur starfsemi*

Í Skipulagsskrá Listasafns Sigurjóns, í kafla um markmið og tilgang safnsins, er liður (i) *að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetulandslagi á Laugarnesi*. Þetta hefur verið snar þáttur í starfi safnsins og birtist meðal annars í:

- ▶ *Fjölskyldudagar á Laugarnesi, 1992*, voru haldnir í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, með sérstaka áherslu á menningarlandslag Laugarness.
- ▶ Norræn ráðstefna um menningarlandslag í Norræna Húsinu dagana 19.–21. september 1997. Liðlega 100 manns sóttu ráðstefnuna þar af voru 27 erlendir áhuga- og fræðimenn um varðveislu menningarlandslags.
- ▶ *Sagan í landslaginu, náttúra, búseta, minjar og list*. Sumarið 2000 voru haldin sjö vikulöng námskeið fyrir börn með áherslu á náttúru og menningu og varðveislu slíkra verðmæta.

Þann 18. október 2003 stóð safnið fyrir fjölþjóðlegri ráðstefnu í samvinnu við Norræna húsið og Listaháskóla Íslands: *Sigurjón Ólafsson og list á almannafæri*. Ráðstefnan var haldin í Norræna Húsinu og meðal fyrirlesara voru listfræðingarnir Charlotte Christensen og Lise Funder frá Danmörku og svissneski listamaðurinn Pipilotti Rist.

Þann 6. september 2014 var haldið málþing um Sigurjón í Listasafni Íslands. Tengdist það yfirlitssýningu á verkum hans. Meðal fyrirlesara voru Jens Peter Munk, Charlotte Christensen, Kerry Greaves og Æsa Sigurjónsdóttir.

#### *Rekstrarbreytingar*

Þann 1. júlí 2012 var Sjálfseignarstofnunin Listasafn Sigurjóns Ólafssonar afhent Listasafni Íslands með sérstöku samkomulagi þar sem meðal annars kom fram að „Listaverk og aðrir munir samkvæmt gjafabréfinu mynda sameiginlega safn Sigurjóns Ólafssonar. Listasafn Íslands mun halda utan um það sem eina heild, sérstakt safn innan Listasafns Íslands og skal nafn Sigurjóns Ólafssonar ávallt getið í heiti þess“. Þá segir í samkomulaginu að rekstur safnsins skuli vera „í anda þeirrar starfsemi sem þar hefur verið rekin“.

Gjöfin innihélt húseignir, innbú, verkfæri, 181 listaverk Sigurjóns auk teikninga, skyssa, skráningargagna og fleira sem að safnrekstri lýtur. Listasafn Sigurjóns var skuldlaust á gjafadag.

maí 2016/gj

#### Fylgiskjöl

- 1) Sýningar í, og á vegum LSÓ 1988 – 2012
- 2) Útgáfa bóka og rita 1985 – 2012
- 3) Fulltrúar í stjórn og fulltrúaráði LSÓ 1990–2012

# Yfirlit yfir sýningar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar eða á vegum safnsins 1988 – 2012

- Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns í tilefni af opnun safnsins* 21. október 1988 – lok júlí 1989
- Hundadagar '89* 1. ágúst 1989 – 1. október 1989  
Gestasýning í efri sal safnsins: Andlitmyndir Kristjáns Davíðssonar. Í samvinnu við Tónlistarfélag Kristskirkju og Alþýðuleikhúsið.
- Málmverk og aðföng* 21. október 1989 – 6. maí 1990  
Málmverk sem Sigurjón vann á Reykjalundi á árunum 1960 – 62 og gjafir sem safninu höfðu borist undanfarin ár. Samnefnd sýningarskrá, meðal annars með grein eftir Aðalstein Ingólfsson um það sem hann nefnir „járnöldina“ í list Sigurjóns.
- Andlitmyndir Sigurjóns* 3. júní 1990 – 30. september 1991  
Fyrsta sérstaka sýning á andlitmyndum Sigurjóns. Á sýningunni voru 27 portrett og ljósmyndir af 19 öðrum.
- Sigurjón Ólafsson - Danmark Island* 21. október 1991 – 3. maí 1992  
Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns sem LSÓ stóð fyrir. Sýnd í Kastrupgaardsamlingen København (13.04.91–09.06.91), Vejle Kunstmuseum (15.06.91–24.07.91) og Silkeborg Kunstmuseum (01.08.91 – 01.09.91). Með sýningunni fylgdi 108 síðna sýningarskrá á dönsku og íslensku.
- Æskuverk Sigurjóns* 31. maí 1992 – 1. október 1992  
Sýning í tengslum við *Fjölskyldudagar á Laugarnesi* (31.05.92–16.06.92). Í efri sal safnsins voru sýndar teikningar sem Sigurjón gerði á unga aldri, úr gjöf hjónanna Gísla Ólafssonar (bróður Sigurjóns) og Kristínar Einarsdóttur, en í neðri sal nokkur öndvegisverk hans sem ekki voru viðkvæm fyrir snertingu barna. Að lokinni sýningunni í safninu voru *Æskumyndir Sigurjóns* sýndar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka vikuna 17. – 25. október.
- Vetrarsýning* 7. nóvember 1992 – vor 1993  
Höggmyndir úr fórum safnsins.
- Myndir í fjalli, um tilurð listaverka Sigurjóns Ólafssonar við Búrfellsvirkjun 1966–69* 29. maí 1993 – 31. ágúst 1993  
Sýning á vinnuskissum og verkfærum ásamt nokkrum verkum Sigurjóns sem tengjast Búrfellsmyndunum, (*Búrfellsvirkjun* LSÓ 1232 og *Hávaðatröllið* LSÓ 1243) eða mótívum sem sjá má í þeim. Einnig var sýnt myndband Ásgeirs Long um tilurð verkanna, sem hann gerði fyrir Landsvirkjun. Sýningunni fylgdi viðamikil rannsóknarritgerð Auðar A. Ólafsdóttur sem birtist í Árbók LSÓ 1991 – 1992.
- HUGMYND - HÖGGMYND, úr vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar* 2. október 1993 – 1. maí 1994  
Tilgangur þessarar sýningar var að lýsa ferli listaverks frá hugmynd til fullbúinnar myndar, og í því sambandi voru til sýnis frumdrög, skissur og ýmis verkfæri og tæki úr vinnustofu Sigurjóns. Sýningin var sérstaklega miðuð við skólanemendur þótt hún ætti erindi við alla aldurshópa.
- Íslandsmerki og súlur Sigurjóns* 3. júní 1994 – 15. janúar 1995  
Sýning unnin um *Íslandsmerki* (LSÓ 1278) á Hagatorgi sem Sigurjóni var falið að gera í tilefni af 25 ára afmæli Lýðveldisins. Á sýningunni voru vinnuskissur að því verki og margar súlmyndir Sigurjóns. Samnefnd 72 síðna sýningarskrá með rannsóknarritgerð eftir Auði A. Ólafsdóttur.

- Frá primitívisma til póstmóðernisma* 25. febrúar 1995 – 20. mars 1995  
Höggmyndasýning í samvinnu við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, sem var liður í norrænu menningarhátíðinni SÓLSTÖFUM. Sýnd voru liðlega 40 verk eftir fimm norræna myndhöggvara, þá Bror Hjorth, Sigurjón Ólafsson, Mauno Hartman, Bjørn Nørgaard og Gunnar Torvund. Sýningin er með stærstu höggmyndasýningum sem settar hafa verið upp hérlandis og voru salarkynni beggja safna notuð. Gefin var út 96 síðna samnefnd sýningarskrá.
- Pessir kollóttu steinar* 22. apríl 1995 – 21. janúar 1996  
Sýning á andlitsmyndum Sigurjóns, meðal annars til að vekja athygli á samnefndu myndbandi sem safnið hafði látið gera og mátti skoða á sýningunni. Það var tvívegis sýnt í Sjóntvarpinu og árið 1994 hlaut það *Silver Screen Award* verðlaunin í flokki fræðslumynda á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Chicago í Bandaríkjunum, *US International Film and Video Festival*.
- Einu sinni var...* 24. júní 1995 – 7. ágúst 1995  
Klippimyndir eftir dönsku listakonuna Gunhild Skovmand. Í efri sal safnsins. Sýningunni fylgdi 24 síðna sýningarskrá á íslensku og dönsku.
- Textílverk* 26. ágúst 1995 – 17. september 1995  
Textílverk norsku listakonunnar Grete Borgersrud.
- Valdar portrettmyndir* 27. janúar 1996 – 19. maí 1996  
Að nokkru leyti framhald af *Pessir kollóttu steinar*, en nú voru málverk fengin að láni frá Listasafni Íslands eftir Ásgrím Jónsson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson og Kristján Davíðsson af þekktum mönnum sem Sigurjón hafði mótað. Þannig mátti í efri sal safnsins sjá mismunandi túlkun myndhöggvara og málara af sömu fyrirmyndum.
- Vættatal* 9. júní 1996 – 1. september 1996  
Samsýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar og Páls á Húsafelli. Páll fékk frjálsar hendur um val á verkum Sigurjóns og hann vann mörg sinna verka gagngert fyrir þessa sýningu. Litprentuð 24 síðna sýningarskrá með greinum eftir Aðalstein Ingólfsson og Thor Vilhjálmsson.
- Vetrarsýning* 7. september 1996 – vor 1997  
Höggmyndir Sigurjóns Ólafssonar, sérstaklega valdar með tilliti til skólaheimsókna, þannig að heiti verkanna fælu í sér vísbendingar um hvernig mætti túlka þau. Voru öllum skólum á Höfuðborgarsvæðinu send boð að senda skólahópa á sýninguna.
- Gróandi* 13. júní 1997 – 1. september 1997  
Verk eftir Sigurjón sem bæði í formi og nafngiftum tengjast náttúru og gróðri.
- Svífandi form* september 1997 – apríl 1998  
Tuttugu og fimm listaverk eftir Sigurjón Ólafsson frá 1937–1981. Leitast var við að tefla saman myndum þar sem léttleikinn ríkir og hin þrívíðu form virðast ögra sjálfu þyngdarlögmálinu.
- Úr málmi* 25. apríl 1998 – 5. júlí 1998  
Gestasýning: Örn Þorsteinsson sýndi 50 skúlptúra úr málmi.
- Sumarsýning, úrval verka Sigurjóns Ólafssonar* 11. júlí 1998 – 31. ágúst 1998  
Samhliða málverkasýningunum *Nína Tryggvadóttir* og síðar *Vinafundur*.
- Nína Tryggvadóttir* 11. júlí 1998 – 2. ágúst 1998  
Tuttugu og einu afstrakt málverki frá árunum 1960 – 67, úr eigu dóttur listakonunnar, teflt saman við skúlptúra Sigurjóns á *Sumarsýningu*. Í efri sal safnsins.
- Vinafundur* 8. ágúst 1998 – 30. ágúst 1998  
Málverk eftir vini Sigurjóns þau Guðmundu Andrésdóttur, Kristján Davíðsson, Þorvald Skúlason og Jóhannes Jóhannesson. Teflt saman við höggmyndir Sigurjóns á *Sumarsýningu*. Í efri sal safnsins.
- Sigurjón Ólafsson ævi og list. Yfirlitssýning* 21. október 1998 – vor 1999  
Yfirlitssýning í LSÓ og Hafnarborg í tilefni af útkomu fyrra bindis af ritinu um Sigurjón, ævi hans og list. Sýningin í Hafnarborg opnaði 31. október og lauk á Þorláksmessu sama ár.

- Sýning í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi* 17. júní – 11. júlí 1999  
Fjörtán verk eftir Sigurjón sem valin voru m.a. með tilliti til sýningarrýmisins. LSÓ sá um sýninguna og ritun bæklinga með upplýsingum um hvert verk.
- Spor í sandinn - Tracks in Sand* 1. júní 1999 – maí 2000  
Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar.
- Valin verk eftir Sigurjón Ólafsson* 1. júní 2000 – 29. október 2000  
Tuttugu og átta valdar höggmyndir og ljósmyndir af tíu verkum til viðbótar. Einnig veggspjaldasýning um sögu Laugarness í tengslum við námskeið fyrir 11 – 14 ára börn sem safnið stóð fyrir og nefndist *Sagan í landslaginu - náttúra, búseta minjar og list*.
- Hærra til þín / Passionstones* 5. nóvember 2000 – 4. janúar 2001  
Trúarleg minni í norrænni myndlist. Listaverk eftir Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Samuel Joensen-Mikines, Hannah Ryggen, Jakob Weidemann, Olivia Holm-Møller, J.A. Jerichau, Robert Jakobsen og Svend Wiig-Hansen. Hluti sýningarinnar var í Ásmundarsafni í Reykjavík. Eftir það var hún sýnd í: Þórshöfn í Færeyjum (20.01.01– 18.02.01), Sophienholm - Lyngby/Kaupmannahöfn (08.03.01–22.04.01), Museet på Sønderborg Slot (04.05.01–12.08.01) og í Museet for Religiøs Kunst med Bodil Kaalund Samlingerne í Lemvig á Jótlandi (25.08.01–12.10.01). Litprentuð sýningarskrá, 80 síður, í stóru broti á íslensku og dönsku með greinum um sérhvern listamannanna. Í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur.
- Hefð og Nýsköpun* 1. júní 2001 – 31. ágúst 2001  
Höggmyndir Sigurjóns frá þrjátíu ára tímabili (1930–60), afstraktverk og andlitsmyndir. Þar á meðal verk sem tengjast granítmyndum Sigurjóns á ráðhústorginu í Vejle á Jótlandi.
- Speglanir* 1. september – 28. október 2001  
Gestasýning: Ný verk Helga Gíslasonar myndhöggvara sem hann hefur unnið sjálfur í brons. Viðfangsefni hans er maðurinn og mannlíkaminn. Sýningunni fylgdi 16 síðna litprentuð sýningarskrá á íslensku m.a. með grein eftir Æsu Sigurjónsdóttur listfræðing.
- Kynlegir kvistir* 10. nóvember 2001 – 5. maí 2002  
Annars vegar voru tímamótaverk Sigurjóns frá ýmsum skeiðum listferils hans og hins vegar frjáls verk, þar sem listamaðurinn gaf ímyndunaraflinu lausan tauminn og lífsgleði og kímni eru alls ráðandi.
- Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns í Listasafninu á Akureyri* 2. mars – 7. apríl 2002  
Fyrsta sýning á verkum Sigurjóns norðan heiða. Samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri og LSÓ. Tuttugu og tvö verk Sigurjóns frá 1938 til 1982.
- Konan - Maddama, kerling, fröken, frú...* 23. maí 2002 – 30. júní 2002  
Ellefu ljóðskáld, allt konur, völdu hver sína konumynd Sigurjóns og sömdu um hana ljóð eða prósa. Sýningin samanstóð af þessum myndum og við opnunina fluttu ljóðskáldin verk sín við myndirnar. Lestur þeirra var hljóðritaður og gátu gestir síðar heyrt hvernig ljóðskáldin túlkuðu myndirnar um leið og sýningin var skoðuð. Gefinn var út geisladiskur með ljóðalestrinum ásamt bæklingi með ljóðunum og ljósmyndum af listaverkunum. Skáldkonurnar eru: Eísabet Jökulsdóttir, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Linda Vilhjálmisdóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Valdimarsdóttir.
- Hin hreinu form* 6. júlí 2002 – 22. september 2002  
Höggmyndir Sigurjóns Ólafssonar frá 45 ára tímabili. Elsta verkið, *Fótboltamenn*, frá 1936 (LSÓ 247) er dæmi um hvernig listamaðurinn vann hin stóru, plastísku form af ótrúlegri nákvæmni og leikni, enda vakti verkið gífurlega athygli á sínum tíma. Í verkunum á sýningunni er áhrifamikið samspil forms og efnis, milli hins stórbrotna og hins smágerða, en heildaráhrifin eru borin uppi af stórum, hreinum formum.
- Andlitsmyndir og afstraksjónir* 5. október 2002 – 30. mars 2003  
Sýning á 13 völdum portrettum og jafnmörgum afstraktverkum eftir Sigurjón Ólafsson. Sigurjón er talinn meðal helstu portrettlistamanna samtímans og þótt hann hefði einnig verið

meðal frumkvöðla afstrakt höggmyndalistar í Danmörku var mannlíkaminn honum ætíð hugleikinn.

- STERLING STUFF – Höggmyndir úr silfri frá Englandi* 5. apríl 2003 – 4. maí 2003  
Sýning á smáskúlptúrum eftir 51 listamenn, þar af tvo íslenska þau Pétur Bjarnason og Jóhönnu Þórðardóttur, frá breska bronssteypufyrirtækinu Pangolin Editions. Hér bættist við sýninguna ný silfurafsteypa af verki Sigurjóns: *Hávaðatröllið* (LSÓ 197) sem steipt var hjá Pangolin. Sýningunni fylgdi sýningarskrá á ensku.
- Andlitsmyndir og afstraksjónir* 1. júní 2003 – 21. ágúst 2003  
Framhald fyrri sýningar.
- Meistarar formsins: Úr höggmyndasögu 20. aldar* 31. ágúst 2003 – 28. september 2003  
Perlur eftir helstu módernista í evrópski höggmyndasögu, þar á meðal Degas, Archipenko, Maillol, Moore, Marino Marini, Manolo, Laurens, Renoir, Barlach, Kollwitz, Hartung og samtímalistamennina Sol LeWitt, Schwegler, Per Kirkeby og Axel Lischke, fengnar að láni úr Þýska Ríkislistasafninu í Berlín. Einnig voru verk eftir brautryðjendur íslenskrar höggmyndalistar, þá Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson og Gerði Helgadóttur. LSÓ vann kennslufni fyrir grunnskóla- og framhaldsskólanemendur. Í samvinnu við Listasafnið á Akureyri sem gaf út sýningarskrá á íslensku og ensku og var sýningin þar 28. júní–20. ágúst 2003.
- Listaverk Sigurjóns Ólafssonar í alfaraleið* 25. október 2003 – 5. september 2004  
Ljósmyndir af verkum Sigurjóns í opinberu rými ásamt höggmyndum sem tengjast þeim. Í tengslum við *Málþing* um sama efni, haldið í Norræna Húsinu 18. október 2003.
- Mánasigð* 10. september 2004 – 28. nóvember 2004  
Skúlptúrar og lágmyndir grænlensku listakonunnar Isle Hessner. Verkin voru öll gerð árið 2004 fyrir þessa sýningu. Sýningarskrá á fjórum tungumálum (íslensku, dönsku, grænlensku og ensku) með greinum, meðal annars eftir einn virtasta sérfræðing um grænlenska list, Bodil Kaalund. Einnig sýnd í Johannes Larsen safninu í Kerteminde á Fjóni (18.03.05–16.05.05) og Þjóðminjasafninu í Nuuk (27.06.05–14.08.05).
- Aðföng, gjafir og lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson* 5. febrúar 2005 – 4. september 2005  
Safn 23 listaverka eftir Sigurjón Ólafsson sem spanna allt skeið hans sem listamanns. Verkin eru ólík í stíl, gerð og úr mjög mismunandi efnum. Flest þeirra eru ný í eigu safnsins, hafa verið gefin eða seld safninu á undanförunum áratug. Með þeim er stillt upp tveimur verkum sem fengin hafa verið að láni til safnsins.
- Hraunblóm / Lavaens blá blomst* 16. september 2005 – 27. nóvember 2005  
Sýning á vatnslitamyndum og olúkrítar- og tússverkum dönsku COBRA listamannanna Else Alfelt og Carl-Henning Pedersen sem þau hjónin gerðu er þau dvöldu hér á landi sumarið 1948. Einnig voru sýnd verk Svavars Guðnasonar og Sigurjóns Ólafssonar frá sama tíma. Farandsýning þessi var í Listasafninu á Akureyri (14. 01.06–26.02.06), Carl-Henning Pedersen og Else Alfelts Museum, Herning (07.04.06–14.05.06) og Norðurbyggju í Kaupmannahöfn (02.11.06–15.01.07). Litprentuð 80 síðna sýningarskrá, í stóru broti með greinum eftir Aðalstein Ingólfsson, Æsu Sigurjónsdóttur og Hanne Lundgren.
- Úr fórum safnsins* 4. febrúar 2006 – 19. febrúar 2006  
Listaverk eftir Sigurjón Ólafsson.
- Út á skýjateppið; Draumsæi og náttúrufar þriggja listforma* 24. febrúar 2006 – 14. maí 2006  
Á sýningunni mætast þrjú ólík efnisform: tré- og koparverk Sigurjóns Ólafssonar, textílar Helgu Pálínu Brynjólfsdóttur og ljóð Berglindar Gunnarsdóttur. Verkin lýsa náttúruvari draums og jarðar; í ljóðunum er brugðið upp myndum af nokkrum stöðum í Reykjavík, meðal annarra Laugarnesinu. Verk Sigurjóns veita hinum efnisformunum aukið þyngdarafli, á meðan loftkennt eðli ljóðsins undirstrikar draumsæi viðarmyndanna og textílvarkanna.
- Sumarsýning* 27. maí 2006 – 2. september 2006  
Úrval skúlptúra og portretta eftir Sigurjón Ólafsson.

Hjól - Plógur - Vængir

17. september 2006 – 30. nóvember 2006

Gestasýning: Ný málmverk eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara. 16 bls. litprentuð sýningarskrá með greininni „Hallsteinn og hrynjandinn í rýminu eftir Jón Proppé.

www.LSO.is

23. febrúar 2007 – 30. nóvember 2007

- grunnskólanemar velja verk á sýningu í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sýning í tengslum við að listaverkaskrá Sigurjóns hafði verið opnuð á netinu. Grunnskólanemum var boðið að velja verk á þessa sýningu og ætlast til að óskinni fylgdi texti, rökstuðningur, túlkun á listaverkinu, hughrif við skoðun á því, ljóð, prósi eða annað slíkt. Við endanlegt val verka var tekið tillit til texta nemendanna og heildarsvips sýningarinnar. Valin textabrot úr bréfunum voru birt í fjölritaðri sýningarskrá sem einnig var þýdd á ensku.

Úr fórum safnsins

5. apríl 2008 – 7. september 2008

Sýning á verkum Sigurjóns sem var sett upp í tilefni heimsóknar krónprinsjónanna dönsku, Friðriks og Mary, þann 5. maí 2008.

Búrfellsvirkjun

Sýning LSÓ utan safns. 14. júní 2008 – 31. ágúst 2008

Sýning í stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar á völdum verkum Sigurjóns Ólafssonar sem tengjast stóru veggmyndum hans á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar. Þar á meðal sex lágmyndir úr gifsi, frummyndir að framhlið stöðvarhússins, sem Listasafni Sigurjóns hafði nýlega borist vitneskja um að væru enn til.

Portrett Sigurjóns

Sýning LSÓ utan safns. 26. september 2008 – 31. desember 2008

Sýning á 26 andlitsmyndum eftir Sigurjón á hinu þekktu listasafni í Friðriksborgarhöll í Hille-rød á Sjálandi. Litprentuð 128 síðna sýningarskrá í danskri og enskri útgáfu meðal annars með grein Charlotte Christensen um Sigurjón og portrett hans.

Sigurjón og Porvaldur - tveir módernistar

Utan safns. 4. október – 9. nóvember 2008

Sýning í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á höggmyndum eftir Sigurjón Ólafsson og málverkum og teikningum eftir Porvald Skúlason. Að sýningunni stóðu Listasafn Sigurjóns og Listasafn Háskóla Íslands. Sýningarskrá, 48 síður, með greinum eftir Auði A. Ólafsdóttur og Gunnar J. Árnason.

Stund hjá Sigurjóni

21. október 2008 – 5. september 2010

Afmælissýning í Laugarnesi af því tilefni að þann 21. október 2008 voru liðin 100 ár frá fæðingu listamannsins og þá voru einnig 20 ár frá því að safn hans á Laugarnesi var opnað almenningi. Sýningin var ætluð börnum í fylgd fullorðinna og var unnið sérstakt kennslufni til að örva skilning á sýningunni.

Hver er maðurinn?

12. febrúar – 5. september 2010

Portrett Sigurjóns af þekktum einstaklingum. Sýning í efri sal safnsins sem tengdist spurn-ingaleik sem hófst á Safnanótt í Reykjavík 2010.

„Erlingur minn, hvað ertu nú að gera?“

16. september – 28. nóvember 2010

Höggmyndir Erlings Jónssonar ásamt úrvali verka Sigurjóns. Erlingur var um árabil aðstoðar-maður Sigurjóns, en hefur undanfarið búið og starfað í Noregi. Birgitta segir um hann í sýningarskrá: „Mér er til efs að aðrir hafi verið jafn nálægt sköpunar- og vinnuferli Sigurjóns og Erlingur var á þeim árum.“ Sýningunni fylgdi 20 síðna litprentuð sýningarskrá, m.a. með viðtali Aðalsteins Ingólfssonar við listamanninn.

Súlur Sigurjóns og „Íslendingur“

11. febrúar – 28. ágúst 2011

„Súlan í ýmsum myndum er eitt grundvallarstef í myndhugsun Sigurjóns“ segir Auður A. Ólafsdóttir. Þekktustu verk Sigurjóns eru án efa „monumental“ listaverkin við Hagatorg og Höfða. Á þessari sýningu er sjónum beint að trésúlum frá síðustu árum Sigurjóns með tilbrigðum sem sýna hugmyndaauðgi listamannsins. Fjölritað hefti á ensku og íslensku fylgdi sýningunni. Óskað var eftir að á Safnanótt, 11. febrúar fjölluðu söfnin um þemað „Íslendingur“ Sett var á stall andlitsmyndin *Móðir mín*. Á veggspjöldum við verkið var vitnað í danska listfræðinginn Pierre Lübecker: „Í meðferð Sigurjóns verður móðir hans lifandi. Þetta er persónulýsing sem er svo sterk, að menn skynja heila þjóð í þessu andliti.“



### *Íslenskir móðernistar og Kai Nielsen*

Utan safns. 11. september – 23. október 2011

Sýning í SAK, Listasafninu í Svendborg á Fjóni. Valdar höggmyndir eftir Kai Nielsen og Sigurjón Ólafsson, vatnslitamyndir Bjargar Þorsteinsdóttur og Hafsteins Austmanns og málverk eftir samtímamenn Sigurjóns, Þau Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttur, Guðmundu Andrésdóttur og Kristján Davíðsson. Birgitta Spur stýrði sýningunni og ritaði texta í fjölrítaða sýningarskrá á dönsku.

### *Hryggjarstykki*

17. september – 27. nóvember 2011

Sýning á nýjum verkum eftir Svövu Björnsdóttur úr pappírsbeðmi ásamt verkum eftir Sigurjón sem hún valdi. Svava tekur ávallt mið af sýningarrýminu sjálfu, og vinnur verk sín gagngert með sýningaraðstöðuna í huga; hún lætur verkin virkja rýmið og úr verður ný myndræn upplifun.

### *Áfangar*

10. febrúar – 2. september 2012

Nokkur lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson. Sýningin spannar rúmlega 50 ára tímabili um miðbik liðinnar aldar. Valin voru verk sem eru einkennandi fyrir ákveðin tímabil, eða sem marka upphaf að nýjum viðhorfum og straumum í list Sigurjóns. Fjölrítuð sýningarskrá þar sem Birgitta Spur ritaði skýringartexta við sérhvert verk. Ritið einnig til í enskri útgáfu.

# Útgefið efni



## Sigurjón Ólafsson myndhöggvari

Ritstjóri: Birgitta Spur

Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1985

Á íslensku, dönsku og ensku. 240 bls.

Meðal efnis: Greinar eftir Thor Vilhjálmsson og Kristján Eldjárn; Blaðaviðtal Kristínar Halldórsdóttur við Sigurjón Ólafsson frá árinu 1965; Æviágrip í myndum; Skrá yfir verk eftir Sigurjón Ólafsson í safni hans.




## Árbók Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 1986

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1986

Á íslensku, dönsku og ensku. 84 bls. ISBN 87-88755-061

Meðal efnis: L. Alcopley: *Sigurjón og verk hans*; H. P. Jensen: *Heimsókn til Sigurjóns*; Susanne Lyngborg: *Ljóð*; Elise Heide-Jørgensen: *Sigurjón í Kaupmannahöfn*; Otto Gelsted: *Rundt om en Fjord*, København 1943; Peter Eriksen: *Hann tók forskot á framtíðina*; Hans Mølbjerg: *Óðinn situr að tafli*; Björn Th. Björnsson: *Grein í sýningarskrá 1980*; Þór Magnússon: *Laugarnesið*, um sögu byggðar í Laugarnesi.



## Árbók LSÓ 1987 og 1988

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1988

Á íslensku og dönsku. 84 bls.

Meðal efnis: Birgitta Spur: *Aðfaraorð og skýrsla*; Kveðjur frá vinum erlendis: Hemming Theisen og Ole Thomassen; Aðalsteinn Ingólfsson: *Viðtal við Erling Jónsson myndhöggvara*; Birgitta Spur: *Lítill saga af steinum*; Tora Raknes: *Að tjá sig í myndum*; Birgitta Spur: *Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns í tilefni opunar safnsins á Laugarnesi*.



## Málmverk og aðföng

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1989

Á íslensku og ensku. 56 bls.

Sýningarskrá með samnefndri sýningu á járnskúlpúrum er Sigurjón Ólafsson gerði á árunum 1960 – 62 meðan hann dvaldist sjúkur á Reykjalundi.

Meðal efnis: Birgitta Spur: *Aðfaraorð*; Aðalsteinn Ingólfsson: *Virkjun rýmis og tilviljun efnis*.




## Árbók LSÓ 1989 og 1990

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1990

Á íslensku og dönsku. Enskur útdráttur. 98 bls. ISBN 9979-9064-1-3

Meðal efnis: Birgitta Spur: *aðfaraorð og skýrsla*; Bo Lagercrantz: *Hugleiðing um hlutverk listamannasafna. Tankar kring konstärsmuseerna*; Erlingur Jónsson: *Þetta eru allt ljós og skuggar - viðtal við Sigurjón Ólafsson frá árinu 1980*; Birgitta Spur: *Þetta var SAM-vinna*, viðtal við Atla Heimi Sveinsson tónskáld og Thor Vilhjálmsson rithöfund um samvinnu þeirra við gerð sjónvarpsóperunnar *Vikivaka*; Auður A. Ólafsdóttir: *Togstreita efnis og hugmyndar*, Helgi Gíslason segir frá listaverki sínu í Fossvogskirkju.




## Sigurjón Ólafsson - Andlitsmyndir

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1990.

Á íslensku. 16 bls.

Sýningarskrá með samnefndri yfirlitssýningu 3. júní 1990 –30. september 1991

Meðal efnis: Aðfaraorð Birgittu Spurog umfjöllun Aðalsteins Ingólfssonar um andlitsmyndir Sigurjóns Ólafssonar.



## Sigurjón Ólafsson Danmark-Island 1991

Ritstjórar: Birgitta Spur, Troels Andersen og Sólveig Georgsdóttir

Silkeborg Kunstmuseums Forlag, Silkeborg 1991

Á íslensku og dönsku. 108 bls. ISBN 87-87932-33-4

Sýningarskrá með farandsýningu á verkum Sigurjóns í Kastrupgårdsamlingen, Vejle Kunstmuseum, Silkeborg Kunstmuseum og LSÓ. Meðal efnis: Grethe Rostbøll:

Forord; Svavar Gestsson: *Tanker om en kunstner - Hugleiðingar um listamann;*

Birgitta Spur: *Sigurjón Ólafsson - tradition og nyskabelse;* Peter Eriksen: *Han tog*

*forskud på fremtiden;* Susanne Jorn: viðtöl við Johan Galster, Robert Jacobsen og

Pierre Lübecker.



## Pessir kollóttu steinar / Those Rounded Stones

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar [myndband], Reykjavík 1992.

Gefið út á íslensku og ensku.(VHS - PAL og NTSC)


Myndband um andlitsmyndir Sigurjóns Ólafssonar, byggt að hluta á viðtali sem Erlingur Jónsson, myndhöggvari og aðstoðarmaður Sigurjóns um skeið, tók við listamanninn árið 1980.

Handrit: Auður Ólafsdóttir, Birgitta Spur, Sólveig Georgsdóttir og Ólafur Rögnvalds-

son. Framleiðandi: Kvikmyndafélagið AX hf. Lengd.: 17 mín. Myndbandið hlaut

Silver Screen Award verðlaunin í flokki fræðslumynda á Alþjóðlegu kvikmynda-

hátíðinni í Chicago, *US International Film and Video Festival*, árið 1994.



## Tracks in Sand

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1992.

Aðeins gefin út í 500 eintökum

Á ensku og japönsku í þýðingu Kazuko Shiraishi. 48 bls. ISBN 9979-9069-3-6

Ljóð Susanne Jorn á ensku og japönsku við verk eftir Sigurjón Ólafsson.



## Árbók LSÓ 1991 og 1992

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1993

Á íslensku með enskum útdrætti. 118 bls. ISSN 1021-6626

Meðal efnis: Auður Ólafsdóttir: *Myndir í fjalli. Lágmyndir Sigurjóns Ólafssonar*

*myndhöggvara á framhlið stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar 1966-69.;* Sólveig Georgs-

dóttir: *Saltfiskstöflun - veggmynd án veggjar;* Ljóð eftir Susanne Jorn við síðasta

verk Sigurjóns ásamt íslenskri þýðingu Steinunnar Sigurðardóttur: *Spor í sandi;* Inga

Lára Baldvinsdóttir: *Við myndlistarstörf á Eyrarbakka, frásögn af Agnesi Lunn;* Þor-

grímur Gestsson: *Byggðarlag sem varð borgarhverfi, ágríp af þúsund ára sögu*

Laugarness við Sund.



## Íslandsmerki og súlur Sigurjóns Ólafssonar

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1994

Á íslensku og ensku. 72 bls. ISBN 9979-9124-0-5

Sýningarskrá með samnefndri sýningu í tilefni fimmtíu ára afmælis íslenska lýðveldisins.

Meðal efnis: Birgitta Spur: *Íslandsmerki og súlur Sigurjóns;* Susanne Jorn: *Vinátta*

(ljóð); Auður A. Ólafsdóttir: *Frá súlu til Íslandsmerkis.*



## Frá primitívisma til póstmóðernisma í norrænni höggmyndalist

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Hafnarborg Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, Reykjavík og Hafnarfjörður 1995.

Á íslensku og ensku. 96 bls. ISBN 9979-9124-1-3

Sýningarskrá með samnefndri sýningu á verkum fimm norrænna listamanna; Bror Hjorth, Sigurjóns Ólafssonar, Mauno Hartman, Bjørn Nørgaard og Gunnar Torvund í LSÓ og Hafnarborg á norrænu menningarhátíðinni Sólstafir 25.02 - 20.03 1995.

Meðal efnis: Petrún Pétursdóttir og Birgitta Spur: *Aðfaraorð*; Küllike Montgomery: *Bror Hjorth*; Birgitta Spur: *Sigurjón Ólafsson*; Juhani Pallasmaa: *Mauno Hartman*; Claus Hagedorn-Olsen: *Bjørn Nørgaard*; Leena Mannila: *Gunnar Torvund*.



## Gunhild Skovmand *einu sinni var...*


Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1995

Á íslensku og dönsku. 24 bls. ISBN 9979-9124-2-1

Sýningarskrá í tilefni af sýningu á pappírsklippimyndum Gunhild Skovmand í Listasafninu 24. júní til 7. ágúst 1995

Efni: Birgitta Spur *Aðfaraorð/Forord*, Gunhild Skovmand *Bankar/Tanker* og Hans Laumann *Um klippimyndir/Papirklip*.



## Vættatal / Dialogue on Eerie Beings


Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1996

Á íslensku og ensku. 24 bls. ISBN 9979-9124-3-X

Í tilefni af Listahátíð í Reykjavík 1996 sýndi Páll á Húsafelli höggmyndir sínar með völdum verkum eftir Sigurjón.

Meðal efnis: Thor Vilhjálmsson: *Vættatal í Sigurjónssafni*; Aðalsteinn Ingólfsson: *Af endurminningum náttúrunnar*.




## Sigurjón Ólafsson. Ævi og list I

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1998

Á íslensku með enskum útdrætti. 192 bls. ISBN 9979-9124-5-6

Rakinn er ferill Sigurjóns Ólafssonar, eins helsta brautryðjanda í íslenskri höggmyndalist, birt heildarskrá yfir verk hans á árunum 1924 til 1945. Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, ritar um uppvaxtarár Sigurjóns á Eyrarbakka og í Reykjavík og danski listfræðingurinn Lise Funder skrifar um nám hans og starf í Kaupmannahöfn á árunum 1928 – 1945 og þau tímamótaverk sem skipuðu honum sess meðal fremstu framúrstefnulistamanna á Norðurlöndum.



## Sigurjón Ólafsson. Ævi og list II


Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 1999

Á íslensku með enskum útdrætti. 350 bls. ISBN 9979-9124-4-8

Í síðara bindi þessa ritverks rekur Aðalsteinn Ingólfsson fjölbreyttan listferil Sigurjóns frá því hann sneri heim til Íslands árið 1945 þar til hann vann síðasta verk sitt síðla árs 1982. Fjallað er um stefnur og strauma samtímans, þróun og breytingar í list Sigurjóns og framlag hans til höggmyndalistar nútímans.

Heildarskrá yfir verk Sigurjóns á árunum 1945 til 1982 fylgir ritinu sem er prýtt fjölda ljósmynda. Bækurnar voru tilnefndar til *Hinna íslensku bókmenntaverðlauna* árið 1999



## Hærra til þín. Trúarleg minni í vestnorrænni list. Passionstoner. Religiöse temaer i vestnordisk kunst.

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Listasafn Reykjavíkur- Ásmundarsafn, Rvk. 2000  
Jafnhliða á íslensku og dönsku. 80 bls.

ISBN (Ísland) 9979-9124-7-2 ISBN (Danmark) 9979-9124-8-8

Sýningarskrá með farsýningu: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar; Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn; Listasavn Føroya, Tórshavn; Sophienholm, Lyngby; Museet på Sønderborg Slot og Museet for Religiøs Kunst med Bodil Kaalund Samlingerne, Lemvig.

Efni: Greinar um listamennina eftir Charlotte Christensen, Troels Andersen, Eirík Þorláksson, Håkon A. Andersen, Bárð Jákupsson og Per Hovdenakk.

SPEGLANIR



## Speglanir

Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2001

Á íslensku. 16 bls. ISBN 9979-9124-9-9

Skrá með samnefndri sýningu á verkum Helga Gíslasonar í LSÓ í september og október 2001. Meðal efnis: *Aðfaraorð* Birgittu Spur, *Reiða og óreiða*, hugleiðing og viðtal Æsu Sigurjónsdóttur við listamanninn 2001.



## KONAN - Maddama, kerling, fröken, frú ...

Geisladiskur með ljóðum ellefu skáldkvenna, sem þær lesa sjálfar við jafnmargar höggmyndir Sigurjóns Ólafssonar af konum. Gefinn út í tilefni samnefndrar sýningar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Listahátíð í Reykjavík 23. maí – 30. júní 2002.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2002

Ljóð á íslensku. Geisladiskur með myndskreyttu 32 síðna ljóðakveri  
ISBN 9979-9548-0-9

Guðrún Eva Mínervudóttir: *Kona 1950*; Fríða Á. Sigurðardóttir *Ekkjan*; Þórunn Valdimarsdóttir *Pallas Aþena*; Kristín Ómarsdóttir *Fjallkonan*; Vilborg Dagbjartsdóttir *Snót*; Linda Vilhjálmsdóttir *af skepnumni (Kona)*; Elísabet K. Jökulsdóttir *Kona í spegli*; Ingibjörg Haraldsdóttir *Kona/tré*; Sigurbjörg Prastardóttir *Móðir og barn*; Margrét Lóa Jónsdóttir *Leyndarmál (Álfkona)* og Vigdís Grímsdóttir *Torso*.



## Isle Hessner

### Mánasigð - Under månens segl - Qaammatip imissikkiartuaarnerani - A Slice of The Moon

Sýningarstjóri: Birgitta Spur Ráðgjafar: Bodil Kaalund, Jessie Kleemann

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2004

Á íslensku, dönsku, grænlensku og ensku. A4, 24 bls. ISBN 9979-9548-1-7

Skrá með farandsýningu á verkum Isle Hessner í LSÓ, 10.09.04–28.11.04, Johannes Larsen Museet í Kerteminde, Danmörku, 18.03.05–16.05.05, Þjóðminjasafninu í Nuuk, Grænlandi 27.06.05–14.08.05. Grein um listakonuna eftir Bodil Kaalund og þankar eftir aðra.



## Hraunblóm - Lavaens blå blomst


Ritstjóri: Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2005

Á íslensku og dönsku með enskum útdrætti. 80 bls. 21x26 cm ISBN 9979-9548-2-5

Sýningarskrá með samnefndri sýningu á verkum Carl-Henning Pedersen og Else Alfelt ásamt verkum Svavars Guðnasonar og Sigurjóns Ólafssonar í Listasafni Sigurjóns 17.09.05-27.11.05; Akureyri 21.01.06– 17.03.06; Herning á Jótlandi 07.04.06– 14.05.06 og Kaupmannahöfn okt– des 06.

Greinar eftir Aðalstein Ingólfsson, Æsu Sigurjónsdóttur og Hanne Lundgren.



## Hjól - Plógur - Vængir

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2006

Á íslensku, 16 bls. ISBN 9979-9548-3-3

Hönnun JP, Prentun Svansprent

Sýningarskrá með samnefndri sýningu á verkum Hallsteins Sigurðssonar í Listasafni Sigurjóns 16. september - nóvemberloka 2006. Tíu ljósmyndir.

„Hallsteinn og hrynjandinn í rýminu“ eftir Jón Proppé



## Sigurjón og Þorvaldur - tveir móðernistar

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Listasafn Háskóla Íslands, Reykjavík 2008


Ritstjórar: Birgitta Spur og Auður A. Ólafsdóttir

Á íslensku, 48 síður, 21x20.5 cm, litprentuð. ISBN 978-9979-9548-5-9

Hönnun: Halldór Þorsteinsson Prentun: Prentsmiðjan Oddi.

Sýningarskrá með samnefndri sýningu í Hafnarborg, menningar og listastofnun Hafnarfjarðar sem haldin er í tilefni þess að öld er liðin frá fæðingu Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara og Þorvalds Skúlasonar listmálara.

Inngangur eftir *Birgittu Spur* og greinar eftir listfræðingana *Auði A. Ólafsdóttur* og *Gunnar J. Árnason* heimspeking.




## Sigurjón Ólafsson myndhöggvari

### Þrjár heimildamyndir

DVD diskur, útgefandi Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Reykjavík 2008

- ▶ *Hesten på Kongens Nytorv* (1952, 17 mínútur)  
Á árunum 1941- 45 var riddaramyndin af Kristjáni 5. á Kóngsins Nýjatorgi í Kaupmannahöfn endurgerð. Styttuna, sem var úr blýi, gerði Abraham Cécár Lamoureux árið 1688. Utzon-Frank prófessor við Konunglega akademíið í Kaupmannahöfn stjórnaði verkinu og var Sigurjón Ólafsson hans helsti aðstoðarmaður.
- ▶ *Saga um lágmynd* (1990, 10 mín)  
Heimildamynd Ásgeirs Long um stærsta verkefni Sigurjóns Ólafssonar, lágmyndir í steinsteypu á framhlið stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar 1966-69. Endurbirt með leyfi Ásgeirs Long og Landsvirkjunar.
- ▶ *Þessir kollóttu steinar* (1992, 16 mín)  
Myndband um andlitsmyndir Sigurjóns Ólafssonar, byggt að hluta á viðtali sem Erlingur Jónsson, myndhöggvari tók við listamanninn árið 1980. Myndin kom út á VHS myndbandi árið 1992 og hlaut Silver Screen Award verðlaun í flokki fræðslumynda á US International Film and Video Festival í Chicago árið 1994.

Íslenskur, enskur og danskur undirtexti.



## Billedhuggeren Sigurjón Ólafsson og hans portrætter

### Sculptor Sigurjón Ólafsson and his Portraits

Ritstjórar: Lise Funder og Birgitta Spur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2008

128 blaðsíður, 27x24.5 cm 111 ljósmyndir


Á dönsku; bundin í harðspjöld ISBN 978-87-88755-03-9

Á ensku; bundin í mjúkbund ISBN 978-87-88755-05-3

Hönnun: Halldór Þorsteinsson

Prentun: Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík

Ríkulega myndskreytt sýningarskrá fyrir sýningu á andlitsmyndum Sigurjóns Ólafssonar í Frederiksborgarsafninu í Hillerlød á Sjálandi haustið 2008. Inngangur eftir *Frú Vigdís Finnbogadóttur*. Grein um Sigurjón og portrett hans eftir *Charlotte Christensen* listfræðing. Auk æviágrips Sigurjóns hefur *Birgitta Spur* ritað textabrot um alla þá einstaklinga sem portrett er af á sýningunni,





„Erlingur minn, hvað ertu nú að gera?“  
Birgitta Spurr og Erlingur Jónsson  
16. september – 28. nóvember 2010

## Erlingur Jónsson

Ritstjóri: Birgitta Spurr

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík 2010

Á íslensku, 16 bls. auk kápu 20.5x21 cm, 14 ljósmyndir, litprentuð, heft í kjöl.

ISBN 978-9979-9548-6-6

Hönnun: Halldór Þorsteinsson

Prentun: Prentsmiðjan Oddi, Reykjavík.

Sýningarskrá sem fylgir sýningu Erlings Jónssonar í Listasafni Sigurjóns 16. september – 28. nóvember 2010 og ber heitið „Erlingur minn, hvað ertu nú að gera?“.

Í formála kynnir Birgitta Spurr vináttu þeirra Sigurjóns og Erlings. Stutt útgáfa af viðtali sem Aðalsteinn Ingólfsson átti við Erling um Sigurjón og birtist í heild í Árbók LSÓ 1987 og 1988 ásamt viðtali þeirra frá sumri 2010 þar sem áhersla er lögð á stækkanir á verkum Sigurjóns sem Erlingur hefur unnið.

Eftirtaldir hafa setið í Fulltrúaráði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Anna Einarsdóttir	1990 – 2012
Björg Þorsteinsdóttir	1990 – 2012
Brynja Benediktsdóttir	1990 – 2009
Erlingur Jónsson	1990 – 2008
Gísli Sigurðsson	1990 – 2012
Hörður Sigurgestsson	1990 – 1992
Ingi R. Helgason	1990 – 2000
Jóhann Möller	1990 – 1993
Karólína Eiríksdóttir	1990 – 2012
Kristján Guðmundsson	1990 – 2006
Ólafur Ó. Johnson	1990 – 2000
Pétur Guðmundsson	1990 – 2012
Sigmundur Guðbjarnason	1993 – 2012
Inga Lára Baldvinsdóttir	1993 – 2009
Guðrún Agnarsdóttir	2000 – 2012
Vikar Pétursson	2000 – 2012
Ágúst Einarsson	2006 – 2012
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson	2008 – 2012
Guðrún Pétursdóttir	2009 – 2012
Kolbrún Halldórsdóttir	2009 – 2012

Eftirtaldir hafa setið í stjórn LSÓ kjörnir af fulltrúaráði

Anna Einarsdóttir	1990 – 2010
Gísli Sigurðsson	1990 – 2006
Karólína Eiríksdóttir - varamaður	1990 – 2012
Vikar Pétursson	2006 – 2012
Guðrún Agnarsdóttir	2010 – 2012

Formaður og varaformenn fulltrúaráðs hafa verið

Ingi R. Helgason formaður	1990 – 2000
Jóhann Möller varaformaður	1990 – 1993
Pétur Guðmundsson varaform.	1993 – 2012
Sigmundur Guðbjarnason	2000 – 2012

Í stjórn safnsins hafa setið af Birgittu hálfu

Birgitta Spur	1990 – 2012
Hlíf Sigurjónsdóttir	1990 – 2012
Aðalsteinn Ingólfsson	1990 – 2000
Æsa Sigurjónsdóttir	2000 – 2012
Geirfinnur Jónsson - varamaður	1990 – 2012